



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni:

Þann 15. janúar 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um að stofna teymi sem leysir deilumál leigjanda Félagsbústaða utan opnunartíma:

Flokkur fólksins leggur til að sett verði á laggirnar teymi sem bregst við ef upp kemur erfitt ástand/tilvik meðal leigjenda Félagsbústaða utan hefðbundins opnunartíma þjónustumiðstöðva. Mörg dæmi, m.a. nú um jól og áramót, koma upp utan opnunartíma þjónustumiðstöðva sem leigjendur vita ekki hvernig bregðast á við. Hér getur verið um erfið tilvik í stigagöngum, erjur milli leigjenda og jafnvel alvarlegar uppákomur sem tengjast einum eða fleiri leigjendum. Um er að ræða stigaganga/hús þar sem Félagsbústaðir eiga íbúðir að stórum hluta eða öllu leyti. Sambærilegar kringumstæður komu upp um síðustu jól. Í þessum aðstæðum sem eiga sér stað utan hefðbundins opnunartíma eiga leigjendur enga möguleika á að fá aðstoð. Það dugar ekki að segja við fólk að það verði bara að bíða þar til þjónustumiðstöð opni. Sum þessara mála eru að koma upp ítrekað og sem þjónustumiðstöð hefur ekki getað leyst jafnvel þótt hún hafi unnið að því. Stundum eru aðstæður þannig að mál þola ekki neina bið og því ekki viðeigandi að segja viðkomandi að leita til síns ráðgjafa þegar stofnun opnar næst. Ef mörg vandamál koma upp af því tagi sem hér er vísað í er alveg ljóst að verkferlar, virka ekki sem skyldi. Eitthvað annað þarf því að koma til.

Umsögn:

Ef alvarleg tilvik koma upp í félagslegu húsnæði er vinnureglan sú að að íbúi hringi á lögreglu. Sé um að ræða ítrekuð tilvik sem tilkynnt eru Félagsbústöðum eða þjónustumiðstöð þá vinna þessir aðilar saman að lausn mála.

Séu börn á heimili eða í aðstæðunum þá kemur til kasta bakvaktar barnaverndar. Ef um heimilisofbeldi er að ræða kemur ennfremur félagsráðgjafi frá þjónustumiðstöð inn á heimilið (bakvakt á grundvelli *Saman gegn ofbeldi*).

Innan velferðarsviðs eru því starfandi teymi í dag sem vinna að því að bregðast við atvikum utan hefðbundins opnunartíma.

Einnig hefur VoR teymið komið til sögunnar, ef um er að ræða vandamál tengd neyslu.